

**LÖG****um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:  
5.16. Slysavarnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.***LÖG****um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi  
á vinnustöðum, nr. 46/1980.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

59. gr. laganna orðist svo:  
Barn merkir í lögum þessum einstakling innan 16 ára aldurs.  
Ungmenni merkja í lögum þessum unglinga 16 og 17 ára.

2. gr.

60. gr. orðist svo:

Börn yngri en 14 ára má ekki ráða nema til létttra, hættulítilla starfa. Ekki má láta börn á aldrinum 14 og 15 ára, né heldur þau sem yngri eru, vinna við hættulegar vélar og við hættulegar aðstæður.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur leiðbeinandi skilgreiningar um hvað teljast létt, hættulítill störf, hættulegar vélar og hættulegar aðstæður, sbr. lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og að höfðu samráði við barnaverndarráð Íslands.

## 3. gr.

Í stað orðsins „unglinga“ í fyrri málsgrein 61. gr. komi: barna. Í stað orðsins „unglingar“ í síðari málsgrein greinarinnar komi: unglingar 16 og 17 ára.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jóhanna Sigurðardóttir.*

## LÖG

### um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Um skipan prestakalla og prófastsdæma.

## 1. gr.

Prestaköllum og prófastsdæmum skal skipa þannig:

#### I. Múlaprófastsdæmi.

- Skeggjastaðaprestakall:*  
Skeggjastaðasókn.  
Prestssetur: Skeggjastaðir.
- Hofsprestakall:*  
Vopnafjarðar- og Hofssóknir.  
Prestssetur: Hof.
- Valþjófsstaðarprestakall:*  
Valþjófsstaðar-, Áss-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir.  
Prestssetur: Valþjófsstaður.
- Eiðaprestakall:*  
Eiða-, Hjaltastaðar-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir.  
Prestssetur: Eiðar.